



## Þingfundargerð 30. ársþings Keilusambands Íslands 20. maí 2023 í húsnæði Íþróttasambands Íslands (ÍSí) að Engjateigi 6, 104 Reykjavík.

### 1. Þingsetning

Jóna Guðrún Kristinsdóttir formaður (JGK) setur þing kl: 13:06.

### 2. Kosnir fastir starfsmenn þingsins

JGK tilnefnir Hafstein Pálsson (HP) sem þingforseta og Valgerði Rún Benediktsdóttur (VRB) sem þingritara og var það samþykkt samhljóða.

Þingforseti tók við stjórn þingsins og spurði hvort að einhverjar athugasemdir væru við boðun þingsins. Svo var ekki og því þingið lýst löglega boðað.

### 3. Kosnar fastanefndir

Gengið var til kosninga í kjörbréfanefnd og var hún þannig skipuð:

- a. Kjörbréfanefnd
  - i. Geirdís Hanna Kristjánsdóttir (ÍR)
  - ii. Ársæll Erlingsson (KFA)
  - iii. Jónína Magnúsdóttir (KFA)

Kjörbréfanefnd tók þegar til starfa.

Ákveðið að taka afreksstefnu og fjárhagsáætlun fyrir í salnum og því ekki þörf á að kjósa aðrar nefndir en kjörbréfanefnd og kjörnefnd.

Gengið var til kosninga um kjörnefnd og var hún þannig skipuð:

- b. Kjörnefnd
  - i. Unnar Óli Þórssón (ÍR)
  - ii. Halldóra Íris Ingvarsdóttir (KFA)
  - iii. Gústaf Smári Björnsson (KFR)

### 4. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína

JGK þakkar KFR fyrir að hýsa þingið og ÍSí fyrir að veita aðgang að aðstöðunni. JGK fer yfir að hún sé að klára sitt fyrsta tímabil sem formaður. Tók tíma að setja sig inn í oft flókið umhverfi og þakkar öllum sem hafa aðstoðað hana við að koma sér inn í starfið.

Ýmsum málum var vísað til stjórnar frá síðasta þingi og mikilvægt að prufa sig áfram til að þróast og læra og meta síðan hvort að vel til tókst. Eitt af því var að spila í tveimur kvennadeildum. Á kvennafundi eftir tímabilið kom fram mikil ánægja með það fyrirkomulag þó með þeim formerkjum að gerðar séu nauðsynlegar breytingar á reglum um úrslitakeppni. Annað sem gerðar voru breytingar á, í kjölfar síðasta þings, var fyrirkomulag á meistarakeppni ungmenna og reglur um Íslandsmet ungmenna. Fer einnig yfir að stjórn sé að skoða breytingar er lúta að því að heimila konum að spila í neðri deildum karla og að börn undir 12 ára spili saman í flokkum óháð kyni.

## KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Fer einnig yfir gerð afreksstefnu sem stjórn hefur unnið að m.a. vegna aukinna krafna frá ÍSÍ og skýra stefnu sérsambanda í afreksmálum.

Nefnir að framundan séu fleiri verkefni m.a. hvað varðar að bæta umgjörð um landsliðin í keilunni en gert er ráð fyrir að fljótlega verði auglýst á Evrópuvísu eftir landsliðsþjálfara sem hefði umsjón með öllum landsliðum Íslands.

Fer einnig yfir að á árinu hafi þurft að taka á allskonar málum og þakkar ÍSÍ sérstaklega fyrir þjónustu samskiptaráðgjafa.

Þá þakkar JGK Herði, Gunnari og Vilhelm sérstaklega fyrir sitt vinnuframlag til RIG sem heppnaðist einkar vel á árinu. Hvetur fleiri til að taka þátt í sjálfböðavinnu í tengslum við mótið enda ekki hægt að halda það án framlags þeirra.

Þakkar ÍR fyrir vasklega framgöngu í aðstöðumálum þar sem nú er verið að teikna keilusal á ÍR svæðinu. KLÍ hefur einnig verið í sambandi við fleiri sveitarfélög til að þrýsta á aðstöðu á fleiri stöðum (sjá nánar í [ársskýrslu](#)).

### 5. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar

Þórarinn Már Þórarinnsson (ÞMP) fer yfir ársreikning KLÍ.

Rekstrarekjur voru tæpar 44 milljónir, rekstrargjöld tæpar 42 milljónir og rekstrarhagnaður rúmar 2 milljónir. Eigið fé og skuldir eru um 34,5 milljónir (sjá nánar í [ársskýrslu](#)).

Þingforseti gaf orðið laus um reikninga. Reikningar félagsins voru því næst bornir undir samþykki og voru þeir samþykktir samhljóða.

#### 5.1. Kjörbréfanefnd gerir grein fyrir niðurstöðum sínum

Þingforseti gefur kjörbréfanefnd orðið. Ársæll Erlingsson (ÁE) formaður kjörbréfanefndar fer yfir niðurstöður hennar. Alls voru 23 þingfulltúar mættir og skiptast þeir með eftirfarandi hætti:

- ÍR = 10
- KFA = 5
- KFR = 2
- KR = 2
- Ösp = 3
- ÍA = 1

Kjörbréf samþykkt samhljóða (sjá fylgiskjöl þinggerðar).

#### 5.2. Umræður um ársskýrslu stjórnar og reikninga

Fundarstjóri gefur Hildi Karen Aðalsteinsdóttur (HKA), stjórnarmeðlim í stjórn ÍSÍ orðið.

HKA færir bestu kveðjur frá stjórn og starfsfólki ÍSÍ. Fer yfir að innan ÍSÍ fari fram fjölbreytt starf og að flutningur UMFÍ í Laugardalinn opni á tækifæri til frekara samstarfs innan íþróttahreyfingarinnar. Lýsir einnig yfir ánægju með að eitthvað þokist í aðstöðumálum hjá keilunni. Nefnir einnig að mikið hafi verið kallað eftir forustu ÍSÍ í málum er varða einelti, ofbeldi og áreitni og að nauðsynlegt sé að efla starf samskiptaráðgjafa. Hvetur alla sem á þurf að halda að nýta sér ráðgjöf hans.

Til stendur að ráðst í endurskoðun á öllu regluverki ÍSÍ m.t.t. góðra stjórnarháttanna. Miklar vonir bundnar við að endurskoðunina auki fagmennsku innan hreyfingarinnar og geti orðið leiðarljós fyrir sérsambönd í sinni starfsemi.

Ætlaði að vera með langa tölu um mikilvægi afreksstefnu en sér að þau mál eru í góðum farvegi hjá KLÍ.

Umhverfið í dag kallar á sífellt meiri fagmennsku allra sem koma að íþróttastarfi. Mikilvægt sé að standa þétt við bakið á sjálfboðaliðum innan hreyfingarinnar enda kemur krafturinn í starfinu frá þeim. Mun sjálf leiða starfshóp innan ÍSÍ sem ætlað er að styðja við allt starfsumhverfi sjálfboðaliða.

Þakkar fyrir sig og óskar keilunni velfarnaðar.

Fleiri tóku ekki til máls undir þessum lið.

Ársreikningar bornir upp til samþykktar og voru þeir samþykktir samhljóða.

### 6. Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár

ÞMP fór yfir fjárhagsáætlun KLÍ fyrir starfsárið 2024 og endurmetna áætlun fyrir starfsárið 2023 (sjá nánar á [fylgiskjali](#)).

Vekur athygli á nýjum liðum sem eru að koma inn og varða þátttöku í erlendum mótum. Vekur einnig athygli á hagnaði af RIG sem var um 700 þúsund. Gert er ráð fyrir tapi á RIG en það er í samræmi við ákvörðun stjórnar um að gera meira úr RIG á næsta ári.

Spurt af hverju stjórn er til í að taka á sig tap vegna RIG. Formaður svarar því til að verið stefna að því að RIG verði Tour Stop og þá þarf að leggja í meiri kostnað.

Spurt hvers vegna gert er ráð fyrir lækkandi framlögum frá ÍSÍ. ÞMP fer yfir að það skýrist ekki nema í árslok hvert verði raunverulegt framlag frá afrekssjóði en ákveðið hafi verið að hafa áætlun varfærna.

Fjárhagsáætlun borin upp til samþykktar og samþykkt samhljóða.

### 7. Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar þær sem fram hafa komið

Engar tillögur komnar fram og þessi liður felldur niður.

### 8. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnarinnar

ÞMP gerir grein fyrir afreksstefnunni sem búin er að vera í vinnslu í vetur. Fer yfir helstu þætti stefnunnar (sjá nánar á [fylgiskjali](#)). Mikið samráð farið fram um stefnuna. Markmið að endurskoða hana árlega og verður stefnan því til skoðunar á formannafundum ár hvert og ársþingum.

Spurt um aldur varðandi hæfileikamótun barna þar sem yngri krakkar en stefnan gerir ráð fyrir eru að fara t.d. á mót erlendis. ÞMP svarar að þetta sé atriði sem sé tilvalið að endurskoða við næstu yfirferð á stefnunni.

Afreksstefnan borin upp til samþykktar og samþykkt samhljóða.

## Þinglé

### 9. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðsla um þær

Engin nefndarálit eða tillögur liggja fyrir og þessi liður felldur niður.

### 10. Önnur mál

Rætt um blöndun liða sem áður tíðkaðist í keilunni en var lagt af vegna krafna frá ÍSí. Spurt hvort að sú afstaða ÍSí hafi breyst. Nauðsynlegt að fá það á hreint áður en stjórn gengur frá tillögum um að konur geti spilað í neðri deildum karla.

Spurt um þjálfun kvennalandsliðsins en liðið hefur verið þjálfaralaust um nokkurn tíma. JGK upplýsir að stefnan sé að ráða inn nýjan landsliðsþjálfara yfir öll landslið og vonir standi til þess að hægt sé að auglýsa fyrir mánaðamót.

Rætt um aðstöðu þeirra keilara sem búa erlendis en eru í afrekshópum og landsliðum KLÍ. Nauðsynlegt að skýra hvaða þjónust, t.d. varðandi sjúkraþjálfun og kírópraktor, þeir keilarar eiga rétt á. Einnig hvornig aðkoma þeirra að fræðslu og þjálfun á að vera háttað. Mikilvægt að þeir upplifi sig ekki í lausu lofti. JGK þakkar fyrir umræðuna og segir að þetta sé klárlega eitthvað sem þurfi að skoða með nýjum þjálfara. Óskar eftir að frummælandi sendi henni póst til að hægt sé að hafa þessi sjónarmið til hliðsjónar við endurskoðun á afreksstarfinu.

### 11. Kosning stjórnar, varastjórnar, fulltrúa og varafulltrúa á þing ÍSí

#### 11.1. *Kosið er um tvo aðalmenn í stjórn til tveggja ára.*

Fyrir liggja eftirfarandi framboð:

- a. Svavar Þór Einarsson (ÍR)
- b. Guðmundur Sigurðsson (KFA)

Ekkert mótframboð kom og eru þeir því sjálfkjörnir.

#### 11.2. *Kosið um þrjá varamann í stjórn til eins árs.*

Fyrir liggja eftirfarandi framboð

- a. Helga Hákonardóttir – fyrsti varamaður (Ösp)
- b. Böðvar Már Böðvarsson – annar varamaður (ÍR)
- c. Halldóra Íris Ingvarsdóttir – þriðji varamaður (ÍR)

Ekkert mótframboð kom og eru þau því sjálfkjörin.

### 12. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og tveir til vara

Fyrir lágu eftirfarandi framboð:

Aðalmenn: Jóhann Ágúst Jóhannsson og Ásgrímur Helgi Einarsson

Varamenn: Pétur Helgason og Hjalti Ásbjarnstsson

Engin mótframboð bárust og voru þeir því sjálfkjörnir.

### 13. Þingslit

Þingforseti þakkar þingfulltrúum fyrir gott samstarf á þinginu og gefur JGK orðið.

JGK þakkar fyrir gott þing og snögga afgreiðslu mála og hlakkar til komandi árs.

Formaður slítur þingi 14:42.